IÐNGARÐAR Í SUÐURNESJABÆ

DEILISKRÁNING



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR
(ritstjóri)

Höfundar efnis: Ágústa Edwald, Birna Lárusdóttir, Jakob Orri Jónsson, Jóhann Gunnarsson og Kristborg Þórsdóttir

Reykjavík 2019
FS739-19061

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Forsíðumyndin sýnir hluta af þurrabúðabyggð nyrst á svæðinu sem er til umfjöllunar í þessari skýrslu. Í forgrunni er kálgarður GK-096:017 sem tilheyrði býlinu Hausthúsum GK-096:015 (gráa húsið lengst til hægri). Á miðri mynd er blátt íbúðarhús, Garðhús GK-096:008. Ljósmyndina tók Jakob Orri Jónsson.

©Fornleifastofnun Íslands 2019
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@fornleif.is
Heimasíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt	5
Summary	5
1. Inngangur	6
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	8
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	10
4. Fornleifaskrá	12
5. Niðurstöður	38
Heimildaskrá	43
Hnitaskrá ISN93	44
Minjakort	45

FORNLEIFASTOFNUN
ÍSLANDS

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar innan deiliskipulagssvæðis í Iðngörðum í Suðurnesjabæ (áður Sveitarfélaginu Garði) á Reykjanesi. Svæðið nær yfir hluta af löndum gömlu lögbýlanna Kothúsa, Meiðastaða og Rafnkelsstaða sem tilheyrðu Rosmhvalaneshreppi, auk lítils hluta af óskiptu landi í heiðinni upp af byggðinni. Vettvangsvinna fór fram í lok mars 2019. Skráðar voru 39 fornleifar innan úttektarsvæðisins. Af þeim voru 13 fornleifar sem skáðar voru fyrst árið 2008 þegar aðalskráning fornminja var unnin fyrir svæðið. Allar fornminjarnar innan svæðis eru skilgreindar hættu vegna framkvæmda.

Efnisorð: Deiliskipulag, fornleifaskráning, Suðurnesjabær, Rosmhvalaneshreppur


Summary

In this report are the findings and conclusions from a detailed survey carried out for the municipality of Suðurnesjabær (formerly known as Garður) on the Reykjanes peninsula within an 22 ha area for development control planning. A total of 39 archaeological sites were surveyed. All of the archaeological sites within the area were considered to be at risk of being affected by construction work.

Keywords: Institute of Archaeology, detailed survey, archaeology, Suðurnesjabær municipality, Reykjanes peninsula

1. Inngangur

Í ársbyrjun 2019 óskaði Suðurnesjabær (áður Sveitarfélagið Garður) eftir því að Fornleifastofnun Íslands tæki að sér deiliskráningu fornleifa þar sem verið er að uppfæra deiliskipulag fyrir athafna- og iðnaðarsvæði í Iðngörðum, innan þéttbýlisins í Garðinum. Deiliskipulagssvæðið er í landi gömlu lögbýlanna Kothúsa, Meiðastaða og Rafnkelsstaða en einnig nær reiturinn inn á óskipt landsvæði ofan við byggðina. Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa fyrir þessar jarðir.[1] Vettvangsskráning var í höndum Kristborgar Þórsdóttur og Jakobs Orra Jónssonar, fornleifafræðinga. Kristborg sá um skýrsluskrif og kortagerð. Skráningin fór fram í lok mars 2019 þegar jörð var auð og veður bjart. Skipulagsreiturinn er tæpir 22 ha að stærð og afmarkast hann af Garðbraut til norðausturs og nyrstu götu í Iðngörðum til norðvesturs að hluta. Við Garðbraut er íbúðabyggð en í Iðngörðum suðvestan við byggðina er iðnaðarsvæði, eins og nafn hverfisins gefur til kynna.



Deiliskipulagssvæðið í Iðngörðum er afmarkað með svartri línu á loftmynd frá Loftmyndum efh. Grunnkort: Gísli Pálsson.

Deiliskipulagssvæðið er flatlent og að mestu leyti ofan við gömlu byggðina við sjóinn. Þó voru nokkrar þurrabúðir nyrst á svæðinu við Garðbraut. Suðaustan við þær voru kúamóar eins og þeir eru kallaðir á túnakortum frá 1919. Talsvert rask er innan deiliskipulagssvæðisins vegna byggingaframkvæmda og vegagerðar en auk gatna í Iðngörðum eru fjölmargir vegaslóðar innan svæðisins. Mun minna er af byggingum í suðausturhluta þess en norðvesturhlutanum en

1 Birna Lárusdóttir (ritstj.). 2008. Fornleifaskráning í Sveitarfélaginu Garði I. FS404-08011.

þar er talsvert jarðvegsrof sem hefur sumsstaðar gróið aftur. Gengið var skipulega yfir allt úttektarsvæðið og minjarnar innan þess mældar upp með GPS mælingatæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir köflum um sögu fornleifaskráningar og aðferðir kemur fornleifaskrá með teikningum og ljósmyndum. Þar er fjallað um allar þær fornleifar sem skráðar voru innan deiliskipulagssvæðisins. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og kort auk hnitaskrár í landshnitakerfi ISN93.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.


Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, GK o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-084:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.



Dæmi um framsetningu á upplýsingum um fornminjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk

þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.
Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

GK-095:019 *Þjóðvegur* gata leið 322271 400632


"Upp undan Rafnkellsstöðum er eyðibær, sem heita Heiðarhús [GK-633:021], á vinstri hönd við alfaraveg, þegar farið er frá Keflavík að Útskálum," segir í grein Magnúsar Grímssonar um fornleifar á Reykjanesskaga. Þjóðvegar er víða getið í landamerkjalýsingu Vara frá 1889 sem er uppskrifuð í örnefnalýsingu jarðarinnar. Í örnefnalýsingunni segir ennfremur: "Vegurinn lá áður aðeins ofar en nú er. Þar fyrir ofan er óskipt land." Í örnefnalýsingu er leiðin nefnd Efrivegur. Guðmundur Garðarsson sagði frá því að gamli vegurinn inn í Garð hefði legið neðan við núverandi veg sunnan við Berghóla en þar hafi hann sveigt til norðvesturs og þaðan legið ofanvert við núverandi veg. Guðmundur sagði að enn sæist til vegarins á köflum en engin ummerki hans fundust innan þess svæðis sem skráð var í mars 2008. Þar sem vegurinn lá innan svæðisins er nú gróinn melur.

Nóvember 2008: Við þetta má bæta að leifar gamla þjóðvegarins sjást þokkalega á nokkrum stöðum á loftmynd og raunar einnig á jörðu niðri. Hann hefur verið merktur með stikum, t.d. þar sem hann liggur fast norðaustan við túngarðinn í Heiðarhúsum GK-633:021 og sést þar eins og niðurgrafin rás. Vegurinn stefnir á stórt iðnaðarhúsnæði við Iðngarða 14 en hverfur þá á kafla. Sennilega sjást leifar hans á svæði sem markast af Heiðartúni að austan og Heiðarbraut að vestan, skammt sunnan við húsaröðina næst Garðbraut, í það minnsta vottar þar fyrir rásum á loftmynd. Lega vegarins á þessum kafla er nokkuð vel þekkt þótt hann sé að mestu horfinn, enda miðast landamerki nokkurra jarða til suðurs við hann og þau hafa verið kortlögð. Eftir að komið er að húsi sem merkt er Garðbraut 69a tekur land Gerða við og nær langt suður fyrir gamla þjóðveg. Ekki því augljóst hvar hann lá í framhaldinu en er að líkindum kominn undir byggð að mestu leyti.

Árið 2009 var enn verið á vettvangi við skráningu í Garðinum og leið sú sem hér er skráð sást einnig í landi Stóra-Hólms þar sem henni var fylgt á um 240 m löngum kafla. hún hverfur austan undir miðju Langholti [sjá 663:027 og 663:031] þar sem mikið rask hefur orðið, m.a.



Á myndinni er gata (til vinstri) og bílslóði (til hægri) á leið GK-095:019, horft til NNV



Leið GK-095:019 við Heiðarhús GK-633:021 horft til SSA

vegna grjótnáms. Aðeins sjást hjólför eftir bíla í götunni en hún er 1,5-2 m á breidd og sama og ekkert niðurgrafin. Á stöku stað sést að steinum hefur verið rutt úr götunni. Appelsínugular stikur eru á henni á þeim kafla sem henni var fylgt.
Hluti leiðarinnar var skoðaður á vettvangi í mars 2019 þar sem leiðin liggur innan deiliskipulagsreits í Iðngörðum suðvestan við Garðbraut. Leiðin sést á 40 m löngum kafla sunnan við iðnaðarhúsnæði við Iðngarða 14. Þar er allbreið gróin renna (019_1) sem er 2,5 m á breidd og 0,3 m djúp, liggur norður-suður. Fast austan við hana og samsíða henni er yngri útgáfa af sömu leið þar sem er bílslóði (019_2). Hann sést á 60 m löngum kafla. Bílslóðinn er 3 m á breidd og 0,2-0,3 m djúpur. Bílför sjást í honum. Rúmum 90 m sunnar, sunnan við lúpínubreiðu, sést eldri leiðin aftur á 57 m löngum kafla að Heiðarhúsabrú 098:016. Enn sést framhald af eldri leiðinni um 30 m suðaustar þar sem hún liggur samsíða Heiðarhúsabrúnni í uppblásnum móa. Þar sést hún sem mjó gróin gata en gróðurlaus moldarflög beggja vegna við hana. Eldri leiðin sameinast þeirri yngri (sem liggur eftir brúnni) suðaustan við túnið í Heiðarhúsum 633:021 og heldur áfram til SSA.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Varir, 1-2; Ö-Gufuskálar, 7

GK-096:008 *Garðstaðir* hús býli 322247 401018
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð þurrabýlið Garðstaðir um 20 m vestan við Hausthús 015. Samkvæmt túnakortinu voru tún býlisins 0,12 teigar og kálgarðar alls 720 m2. Húsið Garðstaðir stendur enn við Garðbraut 33, um 190 m suðvestur af Kothúsum 001. Í grein Hallmanns Sigurðssonar um býli og búendur í Garði 1903-1915 segir: "Um þetta leyti [virðist miðað við árið 1911] byggði Ingimundur Guðjónsson býlið Garðstaði á Kothúsalóðinni og bjó þar til æviloka. hann gerði út áttæring úr Kothúsavörinni á tímabili, en hætti litlu seinna við útgerð og stundaði eftir það smíðar."



Garðstaðir GK-096:008, horft til suðausturs

Garðstaðir er myndarlegt, rauðmálað timburhús. Það er tvílyft og stendur fast við götuna, hefur sennilega verið risið þegar 1919 þannig að átt er einmitt við þetta hús á kortinu en ekki forvera þess. Slétt grasflöt er sunnan við húsið, enginn hóll undir því og engin merki um eldri byggingu. Kálgarður sunnan við húsið og túnskiki suðvestan við eru nú ekki mjög greinilegir. Aftur var farið á staðinn 26.03.2019 vegna deiliskráningar á svæðinu. Var húsið þá blámálað. Sunnan hússins mátti greina leifar túngarðs 020.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1919; Hallmann Sigurðsson 1966a, 87-88

GK-096:012 *Kaldbak* tóftir býli 322254 400909

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð þurrabýlið Kaldbak um 30 m vestan við Móabæ 013, kálgarðar eru merktir fast norðan, sunnan og austan við húsið. Samkvæmt túnakortinu voru tún býlisins um 0,07 teigar og kálgarðar alls 550 m2. Í örnefnalýsingu Kothúsa segir: "Í Kothúsalandi var Kallbak (ur) fyrir ofan veginn. Aðeins innar var Móabær [013]." Rústir Kaldbaks eru enn greinilegar, um 250 m sunnan við Kothús 001. Þær eru 50-60 m sunnan við aðalgötuna Garðbraut.

Grasi vaxið óræktarsvæði sem markast af iðnaðarhúsnæði að sunnan og vestan en götum að austan og norðan.



Minjar um þurrabúðina Kaldbak GK-096:012, horft til vesturs á ljósmynd

Þokkalega greinileg tóft en veggir þó mikið farnir að síga. Hún er alls 12 x 7 m stór frá NA-SV og skiptist í tvennt. Vestar er eins og lítil hústóft, um 5 x 5 m stór að utanmáli. Hún virðist opin í suður eða suðvestur, með nokkuð óreglulega veggi sem eru hæstir að norðanverðu, hátt í 2 m. Austar er lægra hólf, um 7 x 7 m stórt að utanmáli. Norðurveggur er veglegastur, rúmlega 1 m hár og hátt í 1,5 m þykkur en næstum algróinn. Suðurveggur er mjög óskýr og má vera að þar hafi verið timburgafl. Í vesturenda tóftarinnar er dæld með töluverðu grjóti, um 2 m í þvermál, 0,4 m á dýpt. Hugsanlega er það uppfyllt kjallarahola eða jafnvel brunnur. Í vesturvegg sést greinileg, einföld grjóthleðsla sem er hægt að rekja 7-8 m suður fyrir húshornið en virðist þar sveigja í vestur og fjara út skammt frá vegi. Sennilega eru það leifar af kálgarði. Aftur var farið á staðinn í lok mars 2019 vegna deiliskráningar á svæðinu. Mældist tóftin um 15 x 9 m að utanmáli og snýr hún norðvestur-suðaustur. Vegna gróðurfars sáust veggir tóftarinnar betur en í upphaflegri aðalskráningu og var suðurveggur greinilegur, þó mun lægri en norðurveggurinn sem er hæstur um 0,4 m. Suðurveggur er víðast hæstur um 0,2 m. Leifar kálgarða eru í kringum um tóftina og kemur staðsetning þeirra vel heim og saman við teikningu á túnakorti. Garðlögin sem afmarka þá eru á svæði sem er 37 x 34 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðlag sem afmarkaði kálgarð norðvestan

tóftarinnar er um 25 m langt, snýr í norðvestur-suðaustur og hverfur í gróður til norðurs um 6 m norðan við býlistóftina. Til suðurs hverfur garðurinn undir veg. Þessi garður er um 7 m að þykkt, töluvert siginn en samt sem áður hæstur um 1,2 m. Hann sker sig frá öðrum garðlögum á svæðinu sökum þess hve óreglulegur og mikill hann er. Hugsanlega hefur jarðvegi verið ýtt upp að honum og ýkt stærð hans. Önnur garðlög eru öllu minni um sig, yfirleitt um 2,5 m að breidd og hæst 0,3 m. Skilti hefur verið sett upp í norðurvegg tóftarinnar og merkir hana sem „Kaldbak / Kaldbakur“.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Kothús, 2.

GK-096:013 *Móabær* þúst býli 322274 400870
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð þurrabýlið Móabær um 30 m austan við Kaldbak 012. Kálgarður var fast vestan við bæinn. Samkvæmt túnakortinu voru tún býlisins 0,4 teigar og kálgarðar alls 470 m2. Í örnefnaskrá Kothúsa segir: "Í Kothúsalandi var Kallbak(ur) fyrir ofan veginn. Aðeins innar var Móabær. Hann var í byggð fram yfir aldamót." Í grein Hallmanns Sigurðssonar um býli og búendur í Garði 1903-1915 er minnst á Nóabæ en ekki Móabæ og má ætla að það sé sami staður. Staðsetningu tilgreinir Hallmann ekki að öðru leyti en því að Nóabær hafi verið í Kothúsalandi. Móabær stóð um 45 m suðaustan við Kaldbak 012.



Þúst í húsagarði þar sem býlið Móabær GK-096:013 stóð, horft til suðausturs

Þar er mjög grösugt óræktarsvæði fast sunnan við íbúðarhús.
Engin tóft sést, aðeins lágreist og ávöl þúst á kafi í grasi. Brúnir hennar eru hvergi skýrar heldur fjarar hún út í landið umhverfis. Nú er búið að reka staur niður í þústina og þar á að setja skilti með heiti bæjarins. Þústin er 10-15 m í þvermál og 0,5-0,7 m há. Ekkert grjót sést í henni og ekkert rústalag. Kálgarðurinn sem var við Móabæ virðist nú alveg horfinn. Aftur var farið á staðinn 26.03.2019 vegna deiliskráningar á svæðinu. Þústin var mæld upp og er hún 9x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Skilti með nafni býlisins er ekki lengur á þústinni. Grafið hefur verið í hana hér og hvar þar sem plöntur hafa verið gróðursettar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Kothús, 2; Hallmann Sigurðsson 1966a, 87

GK-096:014 þúst útihús 322240 400949
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um miðja vegu milli Hausthúsa 015 og Kaldbaks 012, í kálgarðshorni 017 suðaustur af Hausthúsum. Þetta hús hefur verið um 40-50 m norðvestur af Kaldbak 012.
Óræktarsvæði á mörkum slegins húsagarðs. Garðinum vestan við hefur verið rutt og mikil mold er í honum.
Eins og kortið sýnir liggja garðlög bæði austan við tóftina frá norðri til suðurs og til vesturs frá því, sjá kálgarð 017. Þar sem húsið hefur verið, í SA-horni kálgarðs er ekki tóft heldur hrúgald sem gæti mögulega verið leifar af tóft sem hefur verið rutt um eða jarðvegi verið ýtt yfir. Af ummerkjum að dæma hefur tóftin varla verið stærri en 4 x 4 m eða þar um bil. Aftur var farið á staðinn í lok mars 2019 vegna deiliskráningar á svæðinu og sást þessi þúst þá ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-096:015 *Hausthús* hús býli 322262 400994



Hausthús GK-096:015, horft til suðvesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð þurrabýlið Hausthús um 50 m norðvestan við Kaldbak 012. Samkvæmt túnakortinu voru tún býlisins 0,06 teigar og kálgarðar alls 600 m2. Hausthús standa enn, næsta hús austan við Garðstaði 008 eða Garðbraut 31. Hausthúsa er getið í grein Hallmanns Sigurðssonar um býli og búendur í Garði 1903-1915. Þá bjó þar Sigurður Bjarnason. Þar stendur tvílyft bárujárnshús sem sennilega hefur verið risið þegar árið 1919. Enginn hóll er undir því og engin merki sjást um eldra hús.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1919; Hallmann Sigurðsson 1966a, 87

GK-096:017 gerði kálgarður 322204 400953
Kálgarður var skv. túnakorti frá 1919 sunnan við Hausthús 015. Leifar hans sjást enn. Í horni kálgarðsins var útihús 014.
Húsagarður aftan við íbúðarhús.
A.m.k. tvær hliðar garðsins standa og marka nú útlínur húsagarðsins. Alls hefur garðurinn verið rúmlega 25 x 25 m stór. Austur- og suðurhlið sjást vel. Þær standa býsna vel, eru grjóthlaðnar en nú að mestu grónar. Hæð veggja er víðast hvar nálægt 1 m. Austurhliðin heldur raunar áfram um 20 m suður fyrir garðinn. Aftur var farið á staðinn í lok mars 2019



Kálgarður GK-096:017, horft til norðurs

vegna deiliskráningar á svæðinu. Var þá skráð garðlag í húsagarði Hausthúsa suðvestan við garðhleðslur sem þegar höfðu verið skráð. Eru garðlögin því á svæði sem er 60 x 35 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn sem skráður var þegar deiliskráningin var unnin liggur til suðvesturs frá vesturhorni kálgarðs. Hann myndar hólf suðvestan við kálgarðinn með garði sem heldur áfram til suðvesturs frá suðurhorni kálgarðs. Þetta hólf er 33x31,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Það kemur vel heim við svæði sem merkt er sem kálgarður og mói á túnakorti og var afmarkað með görðum. Suðvesturendi svæðisins er raskaður vegna byggingar iðnaðarhúsnæðis við Iðngarða 7.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-096:020 garðlag túngarður 322198 401005



Túngarður GK-096:020_1, horft til ASA



Túngarður GK-096:020_2, horft til suðausturs

Á túnakorti frá 1919 er má sjá að suðvestan við býlið Garðstaði var stór kálgarður og tún var norðvestan við kálgarð og býli. Hlaðnir garðar afmörkuðu bæði kálgarð og tún. Enn má sjá hluta þessara garðlaga, aðallega sunnan Garðstaða í húsagarði.

Innan húsagarðs Garðstaða 008 er slegin flöt en utan hans er sinu- og mosavaxin órækt. Garðar sem afmörkuðu tún og kálgarða Garðstaða sjást á svæði sem er um 88 x 60 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þeir sjást á tveimur stöðum, annars vegar sunnan Garðstaða í húsagarði og hins vegar um 60 m norðvestan þeirra og 2 m austan íbúðarhúss að

Garðbraut 37. Þessir hlutar fá tölustafi til aðgreiningar í lýsingu. Túngarður 020_1 girðir af húsagarð Garðstaða nú (2019) og eru garðhleðslur á suðaustur- og norðvesturmörkum hans á svipuðum slóðum og á túnakorti frá 1919. Hluti af garði á suðvesturhlið liggur suðvestar en sýnt er á túnakorti en ekki eru greinilegar leifar eldri garðs norðaustar. Þar sem suðvesturhlið túngarðsins endar til norðvesturs tengist hann gerði 021. Túngarðurinn eru mest um 3 m að breidd en aðeins um 1 m að breidd á kafla þar sem hann virðast hafa verið endurhlaðinn. Garðlagið er hæst um 1 m en girt hefur verið ofan á hann með trégrindverki á köflum. Túngarður 020_2 er nyrst á svæðinu, austan Garðabrautar 37. Hann er um 8 m langur, 2,5 m á breidd og hæstur um 0,5 m.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1919

GK-096:021 gerði kálgarður 322167 401035



Kálgarður GK-096:021, horft til norðurs

Hlaðið gerði er við norðvesturenda túngarðs 020, fast suðaustan við malbikaðan veg í Iðngörðum og 70 m norðvestan við Garðhús 008 en 30 m suðvestur af íbúðarhúsinu að Garðabraut 37. Gerðið er ekki sýnt á túnakorti frá 1919 og virðist að hluta hlaðið ofan á túngarð 020 sem afmarkaði tún Garðhúsa. Svo virðist sem þessar minjar séu yngri en túnakortið en aldur þeirra er ekki þekktur og því var talið rétt að taka þær með á fornminjaskrá.

Minjarnar eru í sinu- og mosavaxinni órækt milli íbúðarhúss og iðnaðarhúsnæðis.

Gerði afmarkar svæði sem er um 30 x 18 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir þess eru hæstir um 0,8 m, en yfirleitt um 0,4 m og mest um 3 m að breidd. Sjá má steina í hleðslum, hvergi meira en eitt umfar, en garðarnir eru þó nokkuð signir. Nyrst í gerðinu eru lítið hólf sem er 5 x 4,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Úr því er op til suðurs inn í annað hólf (lítillega niðurgrafið) sem er um 14 x 13,5 að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hlaðinn veggur á norðausturhlið þessa hólfs. Í norðausturhluta þess er svæði sem er niðurgrafið um 0,15 m og er 10,5 x 6 m að stærð. í suðvesturhlutanum er svæði sem er niðurgrafið um 0,3 m og er 14 x 7 m stórt. Mögulega er þessi niðurgröftur ummerki um húsgrunna. Hlutverk gerðisins er ekki ljóst en líklega er um ungan kálgarð að ræða sem nýttur hefur verið frá Garðhúsum eða íbúðarhúsi við Garðbraut 37.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-096:022 gerði kálgarður 322167 401011



Kálgarður GK-096:022, horft til SSV á ljósmynd

Kálgarður er við uppfyllingu undir iðnaðarhúsnæði við Iðngarða 3 og um 77 m vestan við Garðstaði 008. Kálgarðurinn er ekki teiknaður á túnakort frá 1919 og er því að öllum líkindum yngri en 100 ára en aldur hans er ekki þekktur.
Kálgarðurinn er í sinu- og mosavaxinni órækt milli íbúðarhúss og iðnaðarhúsnæðis.
Ferhyrnt gerði afmarkar svæði sem er um 11 x 8 m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir þess eru mest um 2 m að breidd en yfirleitt um 1 m. Það er hæst um 0,3 m. Gerðið er að mestu grjóthlaðið en mjög sigið og sinuvaxið svo ekki sést nema eitt umfar steina. Suðausturhorn gerðisins er horfið undir uppfyllingu undir iðnaðarhúsnæði við Iðnaðargarða 3.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-096:023 garðlag óþekkt 322048 400760



Þúst og garðlag GK-096:023, horft til suðausturs á ljósmynd

Þúst og garðlag eru um 320 m sunnan við Garðstaði 008 og um 100 m suður af húsi við Iðngarða 10A. Ekki er vitað hvaða mannvirki þetta eru en hugsanlega einhverskonar útihús

utan túns.
Minjarnar eru í sinu-, mosa- og lyngvaxinni órækt sunnan og vestan við Iðngarða. Minjarnar eru á svæði sem er 14,5 x 10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á miðju svæðinu er gróin þúst sem er 4 x 2 m að stærð og snýr norður-suður. Garðlög eru sunnan og norðan við þústina. Garðlögin eru sigin, hæst um 0,8 m en yfirleitt um 0,4 m, og 3 m að breidd. Garðlögin hverfa í gróður til allra átta.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-096:024 garðlag túngarður 322293 400828




Túngarður GK-096:024, horft til SSV

Um 24 m suðaustur af Móabæ 013 eru garðlög sem virðist ung. Þau eru á svipuðum slóðum og túngarður Móabæjar sem sýndur er á túnakorti frá 1919 og kemur helst til greina að annað þeirra sé sá túngarður og gæti hitt verið leifar af kálgarði. Ekki er útilokað að meintur túngarður sé yngri en sá sem sýndur er á túnakortinu.
Garðlögin eru í slegnu og sléttu túni. Garðlögin eru á svæði sem er um 87 x 17 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Lengri garðurinn er um 87 m að lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Girt er ofan á hann með gaddavírsgirðingu. Af honum norðvestanverðum liggur L-laga garðlag. Það afmarkar svæði sem er um 16 x 9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Garðlögin eru um 1 m að breidd og hæst um 0,3 m.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-096:025 tóft+garðlag útihús 322218 400795





Tóft og garðlög GK-096:025, horft til vesturs á ljósmynd

Tóft og garðlag er fast norðan bárujárnsklæddrar skemmu að Iðngörðum 12 og um 85 m suðvestan við Móabæ 013. Af gerð tóftanna að dæma er líklega um útihús að ræða en þessar minjar eru ekki teiknaðar á túnakort frá 1919 og eru utan túns Móabæjar eins og það var á þeim tíma. Mögulega eru þessar minjar ekki nógu gamlar til þess að teljast til fornminja en aldur þeirra er ekki þekktur.
Tóftin og garðlagið eru í sléttuðu, slegnu túni en iðnaðarhúsnæði er fast vestan minjanna. Tóft og garðlag eru á svæði sem er um 19 x 12,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er um 11 x 9 m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er mjög sigin en í henni má greina tvö hólf. Nyrðra hólfið er um 2 x 0,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til norðvesturs. Syðra hólfið er um 2 x 1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til suðausturs. Sjá má grjót í veggjum tóftarinnar sem eru 0,3 m á hæð en ekki er hægt að greina fjölda umfara í hleðslum. Umhverfis tóftina er garðlag sem afmarkar 12 x 12 m stórt svæði. Frá norðurhorni svæðisins sem garðurinn afmarkar í kringum tóftina er framhald af garðhleðslu á 7 m löngum kafla til norðausturs þar sem hún hverfur í túnið. Garðlagið er um 1,5 m að breidd þar sem það er breiðast og hæst er það um 0,2 m. Til suðurs eru garðlögin skorin af bárujárnsklæddu húsi. Girt hefur verið ofan á garðlagið sem er suðvestan við tóftina með gaddavírs- og hænsnanetsgirðingu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-096:026 garðlag túngarður 322216 400829



Útflattar leifar af túngarði GK096:026, horft til norðurs

Útflattur garðlag sést á afgirtu svæði fast norðan við Iðngarða 12 og um 60 m suðvestan við Móbæ 013. Staðsetning garðlagsins kemur gróflega heim og saman við staðsetningu suðvesturjaðar túnsins í Móabæ og er að líkindum leifar af túngarði, sjá einnig garðlag 024.
Garðlagið er í afgirtu túni sem nýtt er til beitar.
Garðurinn er 9 m langur og liggur frá vegi við Iðngarða til suðausturs. Í suðausturenda beygir hann til suðausturs á 2 m löngum kafla. Garðurinn er 3 m breiður og hæstur um 0,2 m.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-096:027 þúst óþekkt 321945 400825




Illgreinanleg þúst GK-096:027, horft til austurs

Þúst er um 60 m austur af spennustöð og um 355 m suðvestan við Garðstaði 008. Minjarnar eru í sinu-, mosa- og lyngvaxinni órækt sunnan við Iðngarða.
Þústin er illgreinileg en virðist nánast hringlaga og er um 6 m í þvermál. Þústin er um 0,3 m á hæð og meiri grasvöxtur á henni en í næsta nágrenni sem er mun mosagrónara.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-096:028 garðlag óþekkt 322100 400858





Garðlag og þúst GK-096:028, horft til suðausturs á ljósmynd

Garðlag og þúst eru um 220 m suðvestan við Garðstaði 008 og um 20 m norðvestan við Iðngarða 10A.
Minjarnar eru í sinu-, mosa- og lyngvaxinni órækt sunnan og vestan Iðngarða.
Garðlagið er L-laga, það afmarkar svæði sem er um 16,5 x 10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Garðlagið er mjög sigið og gróið, er 1,5 m á breidd og hæst um 0,10 m. Sést þó greinilega í grjót í garðinum, mest 1 umfar. Þústin er í horninu sem garðurinn myndar. Hún er ógreinileg, nánast hringlaga og 3 m að þvermáli. Þústin er innan við 0,1 m á hæð og sker sig helst úr sökum þess að í henni er mosavaxið grjót. Steypuklumpur hefur verið lagður ofan á garðlagið nærri miðju norðaustur-veggjar þess. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar minjar hafa gegnt.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-096:029 þúst óþekkt 322079 400688



Þúst GK-096:029, horft til norðurs

Þúst er um 365 m sunnan við Garðstaði 008 og um 95 m suður af húsi við Iðngarða 10A. Ekki er vitað hvers konar mannvirki hér er um að ræða en meintar minjar virðast ungar og teljast mögulega ekki til fornleifa.
Þústin er í flatlendu, grasigrónu beitarhólfi. Þústin er um 5 x 5 m að stærð. Hún er vaxin sinu og mosa og er steina dreif innan hennar. Norðvestur- og norðausturhlutar hennar virðast lítillega niðurgrafnir en aðrir hlutar eru innan við 0,1 m hærri en umhverfið.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-096:030 gerði óþekkt 322044 400822





Gerði og þúst GK-096:030, horft til suðurs á ljósmynd

Meint gerði og þúst eru um 37 m norðvestan af húsi við Iðngarða 10A og um 280 m suðvestan við Garðstaði 008. Mögulega hefur þetta meinta gerði myndast við nútímarask.
Gerðið er í sinu-, mosa- og lyngvaxinni órækt sunnan og vestan Iðngarða.
Gerðið er nokkurnvegin hringlaga og afmarkar svæði sem er um 20 x 19 m að stærð og snýr norður-suður. Gerðið er mjög sigið og svæðið innan þess virðist lítillega niðurgrafið. Veggir gerðisins eru 5 m á breidd þar sem þeir eru breiðastir og hæstir eru þeir um 0,4 m, en yfirleitt um 0,2 m að hæð. Gerðið er vel gróið en glittir í steina hér og þar. Í norðausturhorni gerðisins er þúst sem virðist byggð inn í gerðið. Er þar mun meira af steinum en annarsstaðar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-096:031 mannvirki óþekkt 322074 400815

Fast vestan við hús við Iðngarða 10A og um 260 m suðvestan Garðstaða 008 er óskilgreint



Mannvirki GK-096:031, horft til suðausturs

mannvirki. Mögulega hefur það myndast við rask vegna framkvæmda í kringum Iðngarða 10A og telst þá ekki til fornleifa.
Meint mannvirki er í sinu-, mosa- og lyngvaxinni órækt sunnan og vestan við Iðngarða.
Mannvirkið er á svæði sem um 31,5 x 25 m að stærð og snýr austur-vestur. Innan svæðisins eru 3-4 samsíða grjóthlaðnir og grónir garðar. Á milli þeirra er 2 m breitt bil. Allir eru þeir um 31 m að lengd og um 2 m á breidd, liggja austur-vestur. Hver þeirra er um 0,3 m að hæð og eru þeir vel grónir.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-098:015 heimild um landamerki 322332 400492
"Þaðan [eftir garði 014] beina línu upp að þjóðvegi [GK-095:019] í merktan stein við þjóðveginn er stendur við vestri enda svonefndrar Heiðarhúsabrúar [016]," segir í örnefnalýsingu. Steinninn ætti skv. þessu að hafa verið á suðvesturhornmörkum Meiðastaða, um 360 m suðsuðvestur af bæ 001. Samkvæmt skipulagskorti ætti steinninn að sitja í miðju lúpínubeði, um 10 m norðan við malarveg upp að Heiðarhúsum GK-633:021, en hann er hvergi að finna nú (2008). Ekki er loku fyrir það skotið að hann sé á kafi í lúpínu. Aðstæður voru kannaðar aftur í mars 2019 þegar tekinn var út deiliskipulagsreitur í Iðngörðum suðvestan við Garðbraut. Þá var Heiðarhúsabrún skráð og mæld upp. Hún liggur norðvestur-suðaustur. Ætla má að landamerkjasteinn Meiðastaða hafi verið við norðvesturenda brúarinnar. Þar er malarvegur sem liggur að Heiðarhúsum 633:021 og steinninn sést ekki lengur. Ekki er útilokað að hann hafi farið undir veginn.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Meiðastaðir, 1.

GK-098:016 *Heiðarhúsabrú* vegur samgöngubót 322339 400489
"... beina línu upp að þjóðvegi [GK-095:019] í merktan stein [015] við þjóðveginn er stendur við vestri enda svonefndrar Heiðarhúsabrúar," segir í örnefnalýsingu. Heiðarhúsabrú var upphaflega skráð þegar unnin var aðalskráning fornminja í Sveitarfélaginu Garði árið 2008 en þá var ekki ljóst hvar brúin var og hún því ekki skráð á vettvangi. Í mars 2019 var unnin deiliskráning á svæði suðvestan við Garðabraut, í Iðngörðum og er Heiðarhúsabrúin innan þess svæðis að hluta en hún liggur ofan á túngarði Heiðarhúsa 633;021O í austurjaðri túnsins. Malarvegur sem liggur upp að bæjarstæði Heiðarhúsa liggur fast norðvestan við brúna en



Heiðarhúsabrú GK-098:016, horft til SSA

virðist ekki hafa raskað henni að neinu ráði. Tún Heiðarhúsa er á dálítilli hæð í heiðinni suður af þéttbýlinu í Garði og er það vel gróið og smáþýft. Utan túnsins er mói sem er víða illa farinn af uppblæstri og jarðvegsrofi þó að hann sé sumsstaðar að gróa upp og vex lúpína sumsstaðar í gömlu rofi.

Heiðarhúsabrú er upphlaðinn vegur á Þjóðvegi/Efrivegi 095:019 og er í raun innan óskipts lands en upphaflegt númer fornleifarinnar fær að halda sér. Þjóðvegur/Efrileið er nú (2019) stikuð gönguleið og er nefnd Garðsstígur á skilti við leiðina. Brúin er að mestu leyti hlaðin ofan á túngarð Heiðarhúsa, í austurjaðri túnsins. Hún er 210 m á lengd og stefnir norðvestur-suðaustur. Hún er grasi gróin, er 4-6 m á breidd og 0,3 m á hæð á norðausturhlið en litlu lægri á suðvesturhlið. Bílför eru eftir veginum en og hefur þessi leið verið farin á bílum áður en nýr vegur var lagður nær sjó, lengra til norðausturs. Brúin er á þeim kafla leiðarinnar sem liggur um uppblásinn móa og hefur þar myndast mikið svað í leysingum og bleytutíð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Meiðastaðir, 1.

GK-098:019 *Kaupmannaflöt* heimild um áfangastað 322328 400834

"Ofan þessarar götu [012], upp undir Móabæ [GK-096:013], er Kaupmannaflöt. Er talið, að þar hafi kaupmenn haft girðingu fyrir hesta," segir í örnefnalýsingu. Óvíst er hvar Kaupmannaflöt hefur verið. Líklegt er þó að hún hafi verið norðvestan eða vestan við Garðbraut 22.

Þar er fyrrum tún en nú órækt. Mögulegt er að Garðbraut liggi yfir Kaupmannaflöt, nema hún sé skammt norðan eða sunnan við.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Meiðastaðir, 2.

GK-098:020 heimild um fiskreitur 322275 400738


Um 20 m norðaustan við byggingu sem kennd er við Karl Níelsson muna heimildamenn að hafi verið fiskreitur. Þetta er um 320 m suðvestur af bæ.

Ekki sjást leifar af fiskreitnum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Meiðastaðir, 2.

GK-098:024 mannvirki óþekkt 322424 400694



Steyptur grunnur GK-098:024, horft til ASA

Steinsteyptur húsgrunnur er í móa sunnan við lóð húss stendur við Garðbraut 15, um 25 m sunnan við steyptan stöpul undan vindrafstöð 025.
Grunnurinn er í flatlendum móa rétt utan við sléttaða grasflöt. Móinn er víða gróinn en jarðvegsrof er einnig í honum sem eykst eftir því sem sunnar dregur.
Grunnurinn er úr steypu og er 5x3 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hann er lítillega niðurgrafinn en stendur 0,2 m upp úr jörðu. Steypt plata úr skeljasandi er ofan á grunninum en hún er fremur þunn. Grunnurinn er yfirgróinn nema í norðvesturenda. Þar er platan yfir honum brotin en ekki sést nógu vel ofan í hann til þess að meta hversu djúpur hann er. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki hefur staðið á þessum grunni og líklegt er að hann sé ekki nógu gamall til að teljast til fornminja.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-098:025 mannvirki 322419 400721



Steyptur stöpull undan vindrafstöð GK-098:025, horft til norðurs

Steyptur stöpull undan vindrafstöð er á lóð húss sem stendur við Garðbraut 15, um 25 m norðan við grunn 024. Á honum stendur hvítmáluð stytta. Malarvegur liggur fast vestan við stöpulinn og lítið malarplan er fast suðaustan við hann.
Minjarnar eru innan flatlendrar lóðar sem búið er að slétta og rækta grasflöt.
Steypti stöpullinn er 1,5 m á kant og 1,5 m á hæð. Efst á ASA-hlið eru járnleifar, líklega leifar af festingu fyrir vindrafstöðina. Talsverð möl er í steypunni sem er lagskipt.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-098:026 gerði kálgarður 322376 400760

Kálgarðar eru í mólendi suðvestan við lóðir húsa við Garðbraut 17 og 19, fast austan við leið 028 og 25 m norðvestan við mannvirki 025. Aldur minjanna er ekki þekktur og virðast þær mjög ungar. Þar sem þær eru innan deiliskipulagsreits þótti rétt að skrá þær með öðrum minjum á svæðinu.




Kálgarður GK-098:026_1, horft til vesturs



Kálgarður GK-098:026_2, horft til suðausturs

Minjarnar eru í flatlendum, grónum og smáþýfðum móa.
Minjarnar eru á svæði sem er 33x18 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Um þrjá aðskilda garða er að ræða sem fá númer til aðgreiningar í lýsingu og hefst hún norðvestast á kálgarði 026_1. Kálgarður 1 er 15x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Lágar torfhleðslur eru meðfram ferköntuðum garðinum á öllum hliðum að norðvesturhliðinni undanskildri. Þar er aðeins lágur kantur. Hleðslurnar í kringum garðinn eru 0,3-0,5 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð þar sem þær eru hæstar á norðausturhlið. Lítið niðurgrafið hólf eða beð er fast suðaustan við þennan kálgarð. Það er 6,5x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Kálgarður 026_2 er 3 m suðaustan við kálgarð 1. Hann er 12,5x7 að stærð og snýr einnig norðvestur-suðaustur. Lág torfhleðsla er á norðvestur- og suðvesturhliðum. Á suðausturhlið er aðeins lág brún sem afmarkar hann. Hleðslur eru 0,3-0,5 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð, hæstar á norðvesturhlið. Ekki er ólíklegt að þessu garður hafi náð lengra til norðausturs þar sem búið er að byggja upp háa jarðvegsmön. Óljós kálgarður 026_3 er fast suðvestan við kálgarð 2 og suðaustan við kálgarð 1. Hann er lítillega niðurgrafinn, er um 3x3 m að innanmáli og 0,1-0,2 m djúpur. Ekki sjást neinar hleðslur umhverfis hann en þar eru ójöfnur sem gætu hafa myndast þegar garðurinn var stunginn upp.



Kálgarðar GK-098:026

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-098:027 dæld óþekkt 322351 400681
Grunn og ógreinileg lægð er í grónum móa fast vestan við leið 028 og 70 m VSV við húsgrunn 024.
Móinn sem lægðin er í er flatur, gróinn og smáþýfður. Litlu sunnar er talsvert jarðvegsrof sem



Ógreinleg dæld GK-098:027, horft til suðurs

hefur gróið aftur að nokkru. Þar er lúpína áberandi.
Lægðin er flatlend og fremur ferköntuð þó að hornin séu rúnuð. Hún er 6,5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Lægðin er aðeins 0,1 m djúp en það er helst að gróðurinn innan hennar greini hana frá umhverfinu. Innan hennar er mosagróður en utan hennar er meiri grasgróður eða mosi og gras í bland. Óvíst er hvaða mannvirki hefur verið hér en helst kemur til greina að lægðin sé grunnur lítils húss sem hefur verið rifið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-098:028 gata leið 322361 400704




Gata GK-098:028, horft til suðurs

Gróin gata liggur um mólendi frá húsagörðum suðvestan við Garðbraut 19-21 og stefnir til suðurs. Ekki er ljóst á hvaða leið hún er.
Gatan liggur um grasi gróinn, smáþýfðan móa sem er í aflíðandi halla til norðausturs. Sunnar í móanum er talsvert jarðvegsrof. Gatan sést á 75 m löngum kafla þar sem hún liggur frá norðri til suðurs. Nyrst sést hún sem mjó og vel gróin gata sem er 0,2 m á dýpt og 0,2-0,3 m á breidd. Gatan verður smám saman ógreinilegri eftir því sem lengra dregur til suðurs og hverfur loks við dæld 027.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-098:029 hleðsla óþekkt 322182 400702

Fast suðvestan við iðnaðarhúsnæði við Iðngarða 14 er einn stór hóll og annar minni sem virðast hafa myndast við jarðrask á svæðinu, mögulega þegar húsið var byggt. Á stærri hólnum er hlaðinn húsgrunnur sem getur því ekki verið mjög gamall og telst að öllum líkindum ekki til fornminja. Hann er hins vegar innan deiliskipulagsreits í Iðngörðum suðvestan við Garðbraut og þótti rétt að skrá hann með öðrum minjum á svæðinu. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hús sem þarna hefur staðið gegndi.
Hóllinn sem grunnurinn er á er grasi gróinn og á honum eru njólar á stangli. Norðvestan við hann er sléttað svæði sem nýtt er sem beitarhólf fyrir hesta og sunnan við er mólendi sem er





Hleðsla GK-098:029, horft til norðurs á ljósmynd

að hluta gróið en í því er einnig jarðvegsrof á köflum.
Húsgrunnurinn er suðvestarlega á hólnum og er um 4x2m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er lítillega niðurgrafinn (um 0,1-0,2 m) og óverulegar grjóthleðslur eru á öllum hliðum en á suðausturhlið sést nánast eingöngu lágur kantur í innri brún. Hleðslur eru 0,2 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð en eru veglegri í norðausturenda þar sem þær eru 0,5-0,6 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-098:030 gata leið 322355 400590



Gata GK-098:030, horft til SSV. Lengst til hægri á mynd sjást ummerki um hitaveituskurð

Greinileg gata er í flatlendum móa vestan við gamlan malarveg sem liggur til suðurs upp í heiði og stefnir á Heiðarhús 633:021. Skemma við Iðngarða 18 er fast suðaustan við götuna og hefur bygging hennar raskað götunni á kafla. Ekki er ljóst á hvaða leið þessi gata er en hún liggur úr norðri til suðurs með stefnu á Heiðarhús 633:021 og Þjóðveg/Efriveg 095:019 og hefur legið frá Meiðastöðum 001.
Gatan liggur um gróinn og fremur flatlendan móa. Víða er jarðvegsrof og nútímarask á svæðinu.
Götunni var fylgt á 96 m löngum kafla en vestan við áðurnefnda skemmu sést gatan ekki á 33 m löngum kafla. Í norðurenda hverfur gatan í jarðvegsrask vegna hitaveitulagnar og í suðurenda hverfur leiðin í lúpinugróður og rask vegna vegagerðar. Hún er greinilegust norðan við skemmuna þar sem hún er 0,5-1 m á breidd og 0,2-0,3 m á dýpt. Er hún gróin að mestu leyti.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-099:042 þúst óþekkt 322507 400675



Þúst GK-099:042, horft til suðausturs

Allbreið og ílöng þúst er á milli sléttaðs svæðis suðvestan við Garðbraut og malarplans við húsnæði Raflagna, Iðngörðum 21.
Þústin er á mjóu svæði sem enn er óraskað vegna framkvæmda. Þar er smáþýfður en grösugur mói.
Þústin er um 12 m á lengd og 4 m á breidd, snýr norðaustur-suðvestur. Hún er gróin mosa og grasi en undir sverði finnst fyrir grjóti og einnig sést grjót á stöku stað.
Þústin er 0,1-0,2 á hæð. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki þetta er. Það getur verið hluti af útflöttu garðlagi. Ekki er útilokað að þústin hafi myndast við nútímarask.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-099:043 dæld óþekkt 322586 400575



Dæld GK-099:043, horft til NNA

Grunn en allstór dæld er fast suðaustan og utan við mörk deiliskipulagsreits í Iðngörðum, suðvestan við Garðbraut, sem tekinn var út í mars 2019 með tilliti til fornminja. Dældin er í móa fast suðvestan við malarstíg sem liggur að listaverki litlu austar.
Móinn er flatlendur og í honum skiptast á þýfð og gróin svæði og gjörblásin svæði. Dældin sem hér er skráð er á grónu svæði. Dældin er er sporöskjulaga og er 6,5x4 m að innanmáli, snýr NNA-SSV. Botn hennar er flatur og gróinn og er hún aðeins 0,2-0,3 m djúp. Engin ummerki um hlaðna veggi sjást meðfram dældinni og ekki er útilokað að hún hafi myndast vegna rofs en hafi gróðið aftur.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-099:044 garðlag óþekkt 322605 400595

Meint garðlag sést sem gróinn hryggur í flatlendum móa fast suðvestan við Garðbraut og norðaustan við malarstíg sem liggur að listaverki litlu austar. Dæld 043 er 11 m suðvestan við



Meint garðlag GK-099:044 er á miðri mynd horft til norðausturs

garðinn sem er fast suðaustan og rétt utan við mörk deiliskipulagsreits í Iðngörðum, suðvestan við Garðbraut, sem tekinn var út í mars 2019 með tilliti til fornminja.
Móinn er flatlendur og í honum skiptast á þýfð og gróin svæði og gjörblásin svæði. Garðurinn sem hér er skráður er á grónu svæði en það ber þess merki að hafa blásið upp að hluta og gróið aftur.
Garðurinn er 19 m á lengd og liggur í sveig frá norðaustri til suðvesturs. Hann er tæpir 2 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Rof er í honum suðvestan við miðjan garðinn og þar sést í grjót en engar hleðslur. Óvíst er hvaða hlutverki þessi garður hefur gegnt. Ekki er ólíklegt að um náttúrumyndun sé að ræða vegna rofs á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-099:045 gata leið 322556 400608



GK-099:045, horft til SSV

Nokkuð skýr gata sést í móanum ofan (suðvestan) við Garðbraut frá liggur frá vegi að Iðngörðum 21. Gatan liggur til suðurs á Þjóðveg/Efriveg 095:019.
Leiðin liggur um flatlendan móa sem er gróinn að hluta en víða er jarðvegsrof í honum.
Leiðinni var fylgt á 330 m löngum kafla þar sem hún liggur norður-suður. Nyrst sést aðeins ein mjó en gróin gata en eftir því sem sunnar dregur verður gatan breiðari og dýpri. Þar sem hún er greinilegust er hún 0,5-1 m á breidd og 0,4-0,5 m djúp. Á stuttum köflum sést gatan ekki vegna jarðvegsrofs.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-099:046 gryfja óþekkt 322355 400473

Ferköntuð gryfja er fast austan við Heiðarhúsabrú 098:016 í lyngmóa austan við tún Heiðarhúsa 633:021.
Gryfjan er í fremur jafnlendum móa sem er vaxinn lyngi, grasi og mosa en víða er jarðvegsrof í honum.
Gryfjan er 4x1,8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 0,6 m djúp og eru



Gryfja GK-099:046, horft til suðausturs

hliðar hennar lítið aflíðandi. Norðausturhlið gryfjunnar hefur sigið niður til suðvesturs og er því innanmálið ekki lengur reglulegur ferhyrningur. Botn gryfjunnar er nokkuð flatur og gróinn. Ekki er ljóst hvaða hlutverki gryfjan hefur gengt, né heldur hvort um fornminjar sé að ræða.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-633:021 *Heiðarhús* tóftir býli 322320 400480
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Heidarhús. Nú í auðn um lángar stundir. Jarðardýrleiki óviss. Eigandinn kóngl. Majestat. ... Túnstæðið er nú komið í órækt, sýnist þó ekki óbyggilegra en sumar hvörjar smájarðir hjer um pláts. Landið út frá því blásið og graslítið. Jörðin meinast ei kunna aftur byggjast sökum landþrengsla .. Vatnsból skal hjer gott og nægilegt verið ... So vitt af skilvísra gamalla manna sögnum skilja er, þá hefur þessi jörð í eyði lagst í þeim hallæris árum, sem geysuðu um og eftir 1600." Í örnefnalýsingu segir: "Þá er hið óskifta land uppi í heiðinni. Beint hér upp af er eyðibýlið Heiðarhús. Virðist það hafa verið allmiklar byggingar og mikil jörð." Magnús Grímsson fjallar um Heiðarhús í grein sinni um fornminjar á Reykjanesskaga. Þar segir: "Upp undan Rafnkellsstöðum er eyðibær, sem heita Heiðarhús, á vinstri hönd við alfaraveg, þegar farið er frá Keflavík að Útskálum. Þar sér enn fyrir bæjarrústum, túni og túngörðum, og hefir túnið verið æði stórt. Nú er það allt komið í móa og órækt og haft til beitar." Á túnakort frá 1919 er skrifað suðaustan við tún Rafnkelsstaða: "Heiðabær, stórbýlið forna var hér ekki langt frá". Brynjúlfur Jónsson nefnir Heiðarhús í ritgerð sinni um rannsóknir í Gullbringu- og Árnessýslu sumarið 1902 sem birt var í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1903. Þar segir: "Heiðarhús kallast rúst nokkur skamt uppi í heiðinni fyrir ofan inn-Leiruna. Þar hefir fyrrum verið bær. Er það sögn, að þar hafi á sínum tíma verið slíkt stórbýli, að næst hafi gengið Uppsölum og Melabergi..." Rústir heiðarhúsa eru sunnan við Garðbraut og austan við þéttbýlið í Garði, 4-500 m SSV af bæjarhól Rafnkelsstaða 001.
Nú er svæðið mjög gróið og nær gróðurinn víðast um metra hæð. Tveir malarvegir liggja í gegnum eyðibýlið og ein fyrrum þjóðleið 095:019 er fast við það norðanvert. Utan veganna er svæðið lítt snortið og því er lega býlisins að mestu leyti sýnileg, þrátt fyrir að hafa legið í auðn í fleiri hundruð ára. Hringinn í kringum býlið liggja 2 stórir túngarðar, sá stærri umlykur hinn, og töluvert er af kálgörðum innan þeirra. Að norðan og vestan við býlið er mikil lúpínurækt, mest rétt utan við og á ysta túngarðinum. Í norðvesturhorninu er þó garður innan ysta garðsins sem settur er lúpínum. Víða um svæðið má sjá leifar 20. alda girðinga svosem staura, gaddavír

og aðrar víraflækjur. Svæðið er þó hvergi girt í dag (2008).
Um er að ræða allstórt tóftasvæði sem teygir sig út frá háum, mjög grösugum hól, sem er líkast til bæjarhóll eldri byggðar Heiðarhúsa. Nú eru á honum tvær tóftir, en ummerki eru um að hóllinn sé töluvert eldri en þær tóftir. Mikið af þeim tóftum sem nú standa tilheyra yngri notkunarstigum, og hefur mikið af yngri minjunum raskað þeim eldri. Tóftasvæðið er umlukið túngarði (O) sem er á um 200x200 m svæði. Um er að ræða 10 leifar sem flokkast ekki sem garðar, mikill hluti þeirra tóftir, og að minnsta kosti 7 kálgarðar. Hóllinn er um 40 x 20 m stór og snýr norðvestur-suðaustur, og er um 2 m að hæð. Tvær tóftir eru á hólnum, (A og B). Sunnan við kálgarðana er mikil gryfja (C). Hún er hringlaga, 15 m í þvermál og um 1,5 m á dýpt. Fyrir miðju gryfjunnar er mýrargróður þrátt fyrir algert vatnsleysi. Í Garði er þó ekki óalgengt að tjarnir þorni upp á sumrin svo líklegt er að hér sé vatn á öðrum árstímum. Ekki er ljóst hvort gryfjan er manngerð.
Tóft A sem er 2 m vestan við tóft B er tvískipt, 8 x 5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Nyrðra hólfið er um 1,5 x 1,5 m að innanmáli og hleðsla þess um 0,8 m. Það er hlaðið úr grjóti og torf en lítið hefur hrunið úr veggjunum sem eru 0,8 m háir. Op er úr hólfinu í suðaustur í næsta hólf sem er um 3 x 3 m að innanmáli. Í miðju hólfsins er hlaðinn garði eða stétt í botninum. Vegghleðslur þessa hólfs eru mjög svipaðar og í nyrðra hólfinu, um 0,8 m háar. Hleðslurnar eru ekki mjög grónar, og eru þær vel greinanlegar.
Tóft B 2 m austan við tóft A er tvískipt, 7 x 5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólfin eru sömu stærðar, 2 x 2,5 m að innanmáli og snúa í norðvestur-suðaustur. Í nyrðra hólfinu er nokkuð af hruni en lítið er í því syðra. Norðan við tóftina, í norðausturhlið bæjarhólsins sér í hleðslur, sem gætu verið eldri byggingarstig, en þær tilheyra ekki tóft B. Op er í tóftina á suðausturhlið hennar, og er innangengt í bæði hólfin þaðan. Veggir tóftarinnar eru töluvert signir suðaustan megin, en standa í um 1 m hæð norðvestan megin.
75 m austan við gryfju C og 100 m norðaustan við tóft A er þúst D. Þústin er 3 x 1,5 m að stærð, sennilega leifar af mannvirki.
Í miðjum garði (S) er 0,3 m hár upphækkunarflötur, um 5 x 5 m að stærð. Í miðju flatarins er um 1,5x1,5 m gróf (E), sem fyllt hefur verið af grjóti. Tilgangur hennar er óþekktur en hugsanlega hefur hún þjónað tilgangi brunns.
75m austan við tóft A er um 0,6 m hár hóll sem á eru tvær útflattar tóftir, F og G.
Tóft F sem er 3 m suðaustan við tóft G er 4 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðslur hennar eru um 0,2 m háar og algrónar. Innan tóftinnar er um 0,7 m djúp hola. Inngangur er á vesturhlið tóftar.
Tóft G sem er 3 m norðvestan við tóft F er 2 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er afar illa farin, og nær hleðsluhæðin hvergi 0,2 m. Í veggjum hennar er einn stór steinn. Inngangur er í norðurhlið. 60 m vestan við bæjarhólinn er afar reisuleg tóft, H, með áföstum garði. Hleðslurnar eru allt að 1,4 m háar og afar greinilegar, í þeim sést grjót greinilega. Tóftin er 6 x 4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Aðeins er um eitt hólf að ræða og er inngangur þess vestan megin í suðurhlið, og liggur því ekki út í garðinn. Innan tóftinnar er nokkuð af njóla en

vestan við hana er hrun. Áfast gerðið er um 5 x 6 m að stærð og snýr norður suður. þó hefur garðurinn líkast til umlukið tóftina að sunnan, en þær hleðslur eru nú alveg útflattar. Líklegt er að tóft þessi hafi verið notuð á 20. öldinni, en hún er með eindæmum vel varðveitt miðað við aðrar leifar á svæðinu.
Um 1 m austan við austurgarðshorn tóftar H er 4 x 4 m stór tóft, hér nefnd I. Hleðslan er afar sigin, og nær ógreinanleg ef ekki væri fyrir holu í henni miðri. Holan er um 0,8 m djúp og í botni hennar má finna fyrir hleðslugrjóti.
80 m norðaustan við tóft H og 80 m norðan við tóft A er 2 x 1 m þúst , J, sem sést vel vegna gróðurfarsmunar. Ekki er vitað hvað hér hefur verið en ekki þykir ósennilegt að um brunn hafi verið að ræða.
60 m sunnan við bæjarhól má á fjórum stöðum sjá greinilegar torfristur (K). Jarðarbók Árna og Páls nefnir að jarðir neðan við gamla þjóðveginn [095:019] hafi nýtt sér torftökurétt í óskiptu landi "án betalnings". Um er að ræða grunnar ristur, í frekar óreglulegum reitum.
Þeir eru misstórir og liggja á 30 x 12 m svæði, sem snýr í austur-vestur. Í austurhorni ysta túngarðsins (O), 75 m sunnan við bæjarhól er gryfja (L), 2 x 2 m að innanmáli og ríflega 1 m á dýpt. Þessi gryfja er greinilega manngerð en er nú (2008) farin að gróa allvel.
Norðaustan við bæjarhólinn eru tvær rásir (N). Sú dýpri er um 1 m djúp. Kantar rásanna eru frekar skarpir. Ekki er vitað um hvað er að ræða, þetta gæti verið einhversskonar garður, leið eða jafnvel yngri tíma rask, t.d. vatnslagnir.
110 m sunnan við bæjarhól er tóft M, hugsanlega brunnur. Hún er hringlaga og 3 m í þvermál. Í miðju hennar er hola. Tóft þessi er algróin.
Töluvert er af garðlögum við þetta eyðibýli. Í kringum bæjarhólinn er nokkuð af hleðslum sem minna á kálgarða, en erfitt er að átta sig á á jörðu niðri. Á loftmynd er hægt að greina 3 garða, líklegast kálgarða. 2 þeirra (P) liggja inn í bæjarhólinn, og virðast mynda norðurhluta tófta A og B. Hleðslurnar eru nú algrónar, og um 0,7 – 0,8 m háar austan megin, en nær ógreinanlegar vestan megin. Kálgarðarnir 2 (P) eru hvor um sig 15x30 m og snúa norður-suður, en sundurklipptir af bæjarhólnum. Garðarnir (P) liggja fast upp við hvorn annan. 5 m austan við kálgarðana (P) er svo vel afmarkaður kálgarður (T) sem er 15 x 15 m sem snýr 45° miðað við kálgarða (P). Malarvegur liggur í norður-suður í gegnum alla kálgarðana (P og T) og gerir þá illgreinanlega.
Um 15 m vestur af Heiðarhússhólnum er 20 x 12 m stór kálgarður (U) sem snýr suðvestur-norðaustur. Í suðvestur út frá honum liggja svo tveir aflangir garðar (V) sem hvor um sig eru 15 x 70 m að stærð. Líklegt er að kartöflur hafi verið ræktaðar í þeim austari á 20. Öldinni. Garðarnir eru afgirtir með lágum, um 0,4 m háum hleðslum sem nú eru algrónar. 100 m suðsuðvestan við bæjarhólinn eru tveir reitir umluktir görðum, sá syðri (R) er sennilega gamall kálgarður, en tilgangur nyrðri reitsins (S) er óljósari. Syðri reiturinn (R) er 12 x 30 m að stærð og snýr austur-vestur, en sá nyrðri (S) er 30 x 50 m að stærð og snýr norður-suður. Norðaustan við hólinn er í dag (2008) ákaflega þýft svæði og á stöku stað má finna hleðslur undir jarðvegi en ekki tekst að rekja þær. Ekki sjást traðir niður að gamla þjóveginum

(095:019). Utan um Heiðarhús er túngarður (O) sem hefur um 200 m þvermál. Svæðið innan hans er eina svæðið á heiðinni sem telst fullgróið, og gefur það vísbendingu um mikinn og næringarríkan jarðveg.
Viðbætur 2019: Unnin var fornleifaskráning innan deiliskipulagsreits á svæði suðvestan við Garðabraut, í Iðngörðum. Svæðið nær að litlu leyti inn á tún Heiðarhúsa. Hluti af túngarði O var mældur upp meðfram norðausturjaðri túnsins. Heiðarhúsabrú 098:016 liggur yfir túngarðinn þar á löngum kafla. Þar sem garðurinn er heillegur er hann 0,6-0,8 m á hæð. Gryfja L var einnig mæld upp og að auki var sigið garðlag Q skráð innan túnsins. Það er 14 m innan



Túngarður GK-633:021O, horft til norðausturs



Garðlag GK-633:021Q, horft til SSA

við túngarð O og liggur samsíða honum á 38 m löngum kafla austarlega í túninu. Þar er hann 1,5-2 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð. Þar sem hann endar til norðurs er lágur kantur á milli hans og túngarðs O/Heiðarhúsabrúar sem virðist hafa myndast við efnistöku í brúna, frekar en að þarna hafi verið þvergarður. Óljóst framhald er á garði Q til norðausturs á rúmlega 60 m löngum kafla. Þessi garður hefur að líkindum verið eldri útfærsla á túngarði Heiðarhúsa.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: JÁM III, 97-98; Ö-Hrafnkellsstaðir, 2; Magnús Grímsson. 1940, 244; Túnakort, 1919; Árbók 1903, 35.

GK-633:022 tóft óþekkt 322299 400513
Tóft er um 130 m norðan við bæjarhól á Heiðarhúsum 021. Hlutverk hennar er ekki þekkt. Tóftin er á lágum hól sem er gróinn að hluta en á honum og í kringum hann er talsvert mikið um jarðvegsrof, einkum til SSA.
Hóllinn er um 10 m í þvermál, nær hringlaga og er tóftin sunnarlega á honum. Tóftin er sigin og veggir gengnir í þúfur. Hún er einföld, 4,2x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í suðausturenda. Tóftin virðist vera lítillega niðurgrafin og ´virðist hlaðin úr torfi og grjóti þó að ekki sjáist fjöldi umfara í veggjum. Hæð veggja er aðeins 0,2,-0,4 m og er suðvesturhlið tóftarinnar mun lægri en norðausturhliðin.



Tóft GK-633:022, horft til NNV á ljósmynd

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-633:033 gata leið 322275 400558



Meint gata GK-633:033, horft til NNV

Mjó, gróin gata liggur milli tveggja stórra steina NNA við malarveg og litlu austan við stöðvarhús Hitaveitu Suðurnesja.
Ekki er ljóst á hvaða leið gatan er og er ýmislegt sem bendir til þess að leiðin sé ekki gömul. Á Herforingjaráðskorti 17 NA frá 1910 kemur fram að landsíminn hafi legið á þessum slóðum og kann að vera að ummerkin sem sjást á yfirborði og líkjast gróinni götu séu ummerki um niðurgrafna símalínu.
Gatan liggur um fremur jafnlendan móa. Í honum er talsvert jarðvegsrof sem hefur víða gróið aftur og er lúpínubreiða austan við götuna. Í grunnri lægð er ein greinileg og gróin gata sem sést þar sem hún liggur milli steinanna tveggja til NNV á 32 m löngum kafla, uns hún hverfur undir sléttaða lóð í kringum stöðvarhúsið. Leiðin sést aftur 75 m norðvestar á 38 m löngum kafla og heldur sömu stefnu, NNV-SSA. Leiðin hverfur undir jarðrask í kringum verksmiðjuhúsnæði við Iðngarða 14. á syðri hluta leiðarinnar er gatan 0,1 m á breidd og dýpt og er í lægð sem er 0,3-0,5 m á breidd og 0,1 m á dýpt. Á nyrðri hluta leiðarinnar sjást tvær götur, mögulega för eftir fjórhjól eða annað lítið, vélknúið ökutæki. Þær eru á grasi vöxnu, sléttu svæði sem er 1-1,5 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-633:034 gata leið 322311 400519

Norðan við túnið í Heiðarhúsum 021 liggur leið af Þjóðvegi/Efrivegi 095:019 og í gegnum túnið en sameinast þeirri leið aftur sunnan við túnið. Í túninu sjást tvær greinilegar götur og er



Tvær djúpar götur GK-633:034 syðst í túni Heiðarhúsa GK-633:021, horft til NNV

önnur þeirra (sú austari) talsvert niðurgrafin á kafla. Þessar götur voru skráðar lauslega með Heiðarhúsum (sjá 021N) árið 2008 en eru ekki í beinum tengslum við býlið og því skráðar sérstaklega.

Leiðin liggur um smáþýft tún Heiðarhúsa þar sem því hallar lítillega til austurs. Utan við túnið er mói sem er gróinn á köflum en víða er jarðvegsrof.

Vestari gatan 034_1 liggur um austurhluta túns Heiðarhúsa og fer í gegnum túngarð 021O í norðanverðu og sunnaverðu túninu. Þessi gata er víðast gróin. Henni var fylgt á 220 m löngum kafla en hún nær um 70 lengra til suðurs þar sem hún sameinast aftur Þjóðvegi/Efrivegi 095:019. Hún er 1 m á breidd og 0,1-0,3 m djúp. Austari gatan 034_2 sést á um 170 m löngum kafla innan túns Heiðarhúsa. Nyrst er hún mjög ógreinileg en sést betur eftir því sem sunnar dregur. Syðsti hluti hennar er talsvert niðurgrafinn og þar er gatan 1 m á breidd og allt að 1 m djúp. Segja má að þessar götur séu hluti af Þjóðvegi/Efrivegi 095:019 eða afbrigði af þeirri leið. Hafa þær myndast eftir að Heiðarhús lögðust í eyði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

5. Niðurstöður

Innan deiliskipulagssvæðis við Iðngarða voru skráðar 39 fornleifar. Af þeim höfðu 13 fornleifar verið skráðar á aðalskráningarstigi en sú skráning var víða aukin þar sem við átti og þær minjar sem sjást á yfirborði voru mældar upp með mikilli nákvæmni. Það er sammerkt með þeim minjum sem voru nýskráðar innan svæðisins að þær eru margar hverjar óljósar og brotakenndar. Líklegt er að margar þeirra séu ungar og á mörkum þess að teljast til fornminja. Einhverjar þeirra eru mögulega ummerki um nútímarask sem hefur gróið en oft getur verið erfitt að greina á milli mannvirkja sem eru nógu gömul til þess að teljast til fornminja og yngri mannvirkja. Sér í lagi getur verið erfitt að greina þarna á milli þegar gróður er ekki farinn að taka við sér eins og átti við í þessu verkefni en gróðurfar á minjum getur oft gefið góða vísbending um aldur þeirra.

Allar minjar sem skráðar voru innan deiliskipulagssvæðis eru skilgreindar í hættu vegna framkvæmda. Ekki liggja fyrir teikningar sem sýna hvar fyrirhugað er að framkvæma innan reitsins og því ekki hægt að meta hvort þær minjar sem skráðar voru innan hans lendi innan framkvæmdasvæða. Umfjölluninni um úttektarsvæðið verður skipt í tvennt og hefst hún á norðvesturhlutanum (svæði 1) þar sem nánast voru eingöngu skráðar minjar innan marka lögbýlisins Kothúsa GK-096.

Svæði 1:

Innan svæðisins eru minjar um þurrabúðir sem raðast meðfram Garðbraut að suðvestanverðu. Suðvestan við þau gömlu býli er iðnaðarhverfi og talsvert raskað svæði í kringum það ef frá er skilið vesturhorn deiliskipulagssvæðisins. Þar er flatlendur mói en jarðvegsrof er víða innan hans.

Hús og önnur mannvirki sem tilheyra þurrabúðunum eru sennilega frá því um aldamótin 1900. Á Garðstöðum GK-096:008 og í Hausthúsum GK-096:015 eru enn uppistandandi gömul hús sem eru líklega byggð fyrir 1919 og teljast því til fornminja. Þó að þau séu skilgreind í hættu eins og aðrar minjar er ólíklegt að þeim verði raskað við framkvæmdir. Suðvestan við þessi býli eru brotakenndar leifar af kálgörðum og túngörðum (GK-096:017, 020, 021, 022). Þeim hefur sumum hverjum verið breytt, þeir hafa verið færðir út og hlaðið hefur verið ofan á þá. Það er því ekki allsstaðar gott að sjá hvaða hlutar þeirra eru upprunalegir og hvaða hlutar eru yngri viðbætur. Ekki sáust nein ummerki um útihús 014 sem var í suðurhorni kálgarðs 017 og tilheyrði Hausthúsum. Þegar aðalskráning fornminja var gerð 2008 sást óljós þúst á yfirborði en hún er ekki lengur greinanleg.

Tóft þriðju þurrabúðarinnar, Kaldbaks GK-096:012, sést enn nokkuð vel og eins kálgarðar í kringum hana sem eru skráðir undir sama númeri. Þessar minjar eru orðnar mjög aðþrengdar vegna byggingaframkvæmda og vegagerðar og mikilvægt að ekki verði meira rask á þeim. Staðurinn er kjörinn til þess að vekja athygli á og fjalla almennt um býli af þessu tagi sem voru mjög algeng og einkennandi fyrir byggðina í Garði fram á 20. öld.

Móabær GK-096:013 er svo fjórða og síðasta þurrabúðin sem var á þessu svæði en lítil

ummerki sjást um það býli. Á lóð íbúðarhúss við Garðbraut 25 er nokkuð afgerandi þúst þar sem býlið var og að auki sjást garðhleðslur GK-096:024 meðfram suðausturjaðri lóðarinnar sem eru líklega í grunninn túngarður Móabæjar. Ætla má að útflattur garður GK-096:026 sé hluti af túngarðinum. Suðvestan við gamla tún Móabæjar er tóft og garðlög GK-096:025 sem líklegt er að tengist búsetu í Móabæ og seinna íbúðarhúsi á sömu lóð við Garðbraut 25 sem byggt var 1937. Suðaustan við þurrabúðirnar við Garðbraut er heimild um áningarstað á Kaupmannsflöt GK-098:019. Þar sjást engin ummerki um minjar.

Suðvestan við gömlu þurrabúðirnar er iðnaðarhúsnæði og talsvert rask í kringum það. Suðvestan við iðnaðarhverfið voru skráðar nokkrar óræðar minjar (GK-096:023, 027, 029, 030, 031) sem hafa óþekkt hlutverk og gætu hafa myndast við nútímarask ef frá er skilið garðlag og þúst GK-096:028. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þær minjar hafa þjónað og aldur þeirra er ekki þekktur. Óræðu minjarnar eru í námunda við raskað svæði í kringum iðnaðarhúsnæði og eru talsverðar líkur á því að flestar þeirra hafi myndast vegna rasks eftir að iðnarhverfið byggðist upp.

Svæði 2:

Suðausturhluti deiliskipulagssvæðisins er innan marka gömlu lögbýlanna Meiðastaða GK-098 og Rafnkelsstaða GK-099 og á óskiptu landi GK-633. Á svæðinu er minna um rask vegna bygginga en á svæði 1. Þó er einnig íbúðabyggð innan þess meðfram Garðbraut og voru húsin þar flest byggð á árunum 1941-1942. Stórt iðnaðarhúsnæði er við Iðngarða 14 og suðaustarlega á svæðinu er stöðvarhús Hitaveitu Suðurnesja við Iðngarða 16 auk tveggja annarra húsa við Iðngarða 18 og 21. Talsvert er um vegi og vegarslóða sem liggja um svæðið.

Íbúðabyggðin meðfram Garðbraut er á svæði þar sem voru kúamóar samkvæmt túnakortum sem gerð voru árið 1919. Kúamóarnir voru rétt utan við heimatún lögbýlanna sem voru niður við sjó, neðan og norðaustan við Garðbraut. Þar er grasi vaxinn mói en eftir því sem lengra dregur til suðvesturs og suðausturs tekur við mói þar sem minna er um gras og stór svæði eru uppblásin. Í rofsárum vex lúpína á stórum svæðum. Ætla má að þetta svæði hafi að mestu verið nýtt sem haglendi fyrir kýr en einnig fyrir sauðfé og annan búfénað.

Heiðarhús er nokkuð fornt býli uppi í lágri heiði, ofan við þéttustu byggðina sem var meðfram ströndinni. Lítill hluti af túni þess lendir innan suðurhorns deiliskipulagssvæðisins. Þar er vel afmarkað og gróið tún sem mikilvægt er að vernda og koma í veg fyrir frekara rask innan þess en þegar er orðið, m.a. vegna vegarslóða sem liggja yfir túnið. Sigin tóft GK-633:022 er litlu norðan við Heiðarhús og kann að hafa tilheyrt því býli. Heiðarhúsabrú GK-098:016 sem er samgöngubót á alfaraleið GK-095:019 liggur yfir þann hluta túngarðsins sem lendir innan deiliskipulagsreits. Alfaraleið þessi lá frá Útskálum að Keflavík og sést leiðin á alllöngum kafla innan þess svæðis sem kannað var. Frá túninu í Heiðarhúsum er leiðin merkt og stikuð sem gönguleið til suðausturs. Djúpar götur á leið GK-633:034 liggja af alfaraleiðinni í gegnum tún Heiðarhúsa og sameinast henni aftur sunnan við túnið.

Fleiri leiðir liggja um skipulagssvæðið. Leið GK-099:045 er þeirra greinilegust og

heillegust. Hún hefur að líkindum legið frá Rafnkelsstöðum GK-099:001 á alfaraleiðina. Leið GK-098:030 er nokkru norðvestar og er hún fremur greinileg en sést aðeins á stuttum kafla. Hún stefnir einnig á alfaraleiðina og lá líklega frá Meiðastöðum GK-098:001. Samsíða þeirri leið og litlu norðvestar er gata GK-098:028 sem sést á stuttum kafla og er fremur ógreinileg.

Samsíða alfaraleið GK-095:019 og litlu lengra til VSV er meint leið GK-633:033. Hún sést ekki innan lóðar stöðvarhúss Hitaveitu Suðurnesja og hverfur til norðurs undir iðnaðarhúsnæði og til suðurs í lúpínugróður og rask. Þessi meinta leið liggur á sama stað og landsíminn lá áður ef marka má Herforingjaráðskort 17 NA frá 1910. Ummerkin sem sjást enn á köflum á yfirborði og líkjast helst gróinni götu kunna að vera ummerki um niðurgrafna símalínu.

Ýmsar minjar innan svæðisins eru ungar og teljast tæplega til fornminja en nákvæmur aldur þeirra er ekki þekktur. Suðvestan við íbúðarhús við Garðbraut eru kálgarðar GK-098:026, steyptur húsgrunnur GK-098:024 og steyptur stöpull undan vindrafstöð GK-098:025. Þá er ótalinn niðurgrafinn, grjóthlaðinn húsgrunnur GK-098:029 fast suðvestan við iðnaðarhúsnæði við Iðngarða 14 og gryfja GK-099:046 sem er fast norðaustan við Heiðarhúsabrú GK-098:016. Allt virðast þetta vera ungar minjar og teljast að öllum líkindum ekki til fornminja af þeim sökum.

Innan svæðisins eru einnig nokkrar minjar sem eru illgreinanlegar og nokkuð óræðar. Gróin dæld GK-098:027 er við leið GK-098:028 þar sem hús virðist hafa staðið. Óljós þúst GK-099:042 er á milli Garðbrautar og húss við Iðngarða 21. Ekki er útilokað að hún hafi myndast við nútímarask sem hefur gróið. Þá eru ótaldar tvær meintar minjar sem eru í suðausturjaðri skipulagssvæðisins. Annars vegar er þar meint garðlag GK-099:044 og hins vegar grunn dæld GK-099:043. Mögulega er hér aðeins um náttúrumyndun að ræða vegna jarðvegsrofs sem hefur gróið aftur.

Tvær minjar innan svæðisins sjást ekki en það er heimild um fiskreit GK-098:020 fast norðaustan við iðnaðarhúsnæði við Iðngarða 14 og heimild um landamerki GK-098:015 (merktan stein). Þegar aðalskráning var gerð fyrir þetta svæði var talið að steinninn á merkjum hefði verið 85 m norðan við túngarð Heiðarhúsa GK-633:021O. Samkvæmt heimildum var þessi steinn við vesturenda (norðvesturenda) Heiðarhúsabrúar sem er 15 m norðaustan við túngarð Heiðarhúsa og var því staðsetningunni breytt en steinninn fannst ekki.

Samantekt

Innan deiliskipulagssvæðisins er 21 minjastaður sem ekki leikur vafi á að eru fornminjar og eru þær sýndar í töflu 1 hér fyrir neðan. Þær eru margar nokkuð raskaðar eða á svæði sem hefur verið raskað, einkanlega þurrabúðir nyrst á úttektarsvæðinu. Heillegustu minjarnar um þurrabúðir á svæðinu (fyrir utan uppistandandi hús) er býlið Kaldbak GK-096:012 þar sem enn má sjá tóftir og leifar af kálgörðum. Mikilvægt er að koma í veg fyrir frekara rask á þeim minjum. Einnig er heilleg minjaheild þar sem býlið Heiðarhús GK-633:021 var, syðst á úttektarsvæðinu. Túngarður býlisins og annar óljósari garður innan hans lenda að hluta innan deiliskipulagssvæðisins. Mjög

mikilvægt er að ekki verði hróflað við þessum minjum sem eru hluti af stærri minjaheild. Á sama svæði er Heiðarhúsabrú GK-098:016 og ummerki um alfaraleið GK-095:019, minjar um samgöngur milli Garðs og Keflavíkur.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
GK-095:019	Þjóðvegur/Efrivegur	gata	leið/landamerki
GK-096:008	Garðstaðir	hús	býli
GK-096:012	Kaldbak	tóftir	býli
GK-096:013	Móabær	þúst	býli
GK-096:014		þúst	útihús
Gk-096:015	Hausthús	hús	býli
GK-096:017		gerði	kálgarður
GK-096:020		garðlag	túngarður
GK-096:024		garðlag	túngarður/kálgarður
GK-096:025		tóft+garðlag	útihús
GK-096:026		garðlag	túngarður
GK-096:028		garðlag	óþekkt
GK-098:015		heimild	landamerki
GK-098:016	Heiðarhúsabrú	vegur	samgöngubót
GK-098:019	Kaupmannaflöt	heimild	áfangastaður
GK-098:020		heimild	fiskreitur
GK-098:030		gata	leið
GK-099:045		gata	leið
GK-633:021	Heiðarhús	tóftir	býli
GK-633:022		tóft	óþekkt
GK-633:034		gata	leið

Tafla 1. Minjar sem með vissu teljast til fornminja

Innan deiliskipulagssvæðisins eru 18 minjar sem virðast ungar og/eða eru óræðar og óvíst er að geti talist til fornminja. Þær eru sýndar í töflu 2 hér fyrir neðan. Stór hluti þessara minja er á norðvesturhluta svæðisins þar sem talsvert rask hefur orðið í næsta nágrenni við iðnaðarhúsnæði við Iðngarða.

Samtala	Tegund	Hlutverk
GK-096:021	gerði	kálgarður
GK-096:022	gerði	kálgarður
GK-096:023	garðlag	óþekkt
GK-096:027	þúst	óþekkt
GK-096:029	þúst	óþekkt
GK-096:030	gerði	óþekkt
GK-096:031	mannvirki	óþekkt
GK-098:024	mannvirki	óþekkt
GK-098:025	mannvirki	vindrafstöð
GK-098:026	gerði	kálgarður
GK-098:027	dæld	óþekkt
GK-098:028	gata	leið
GK-098:029	hleðsla	óþekkt
GK-633:033	gata	leið
GK-099:046	gryfja	óþekkt
GK-099:042	þúst	óþekkt
GK-099:043	dæld	óþekkt
GK-099:044	garðlag	óþekkt

Tafla 2. Ungar og óræðar minjar

Það er Minjastofnunar Íslands að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar megi víkja vegna framkvæmda. Minjastofnun mun einnig setja fram endanleg skilyrði um mótvægisaðgerðir þar sem fornleifar reynast í hættu vegna framkvæmdanna. Ef áður ókunnar fornminjar koma í ljós við framkvæmdir þarf að skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er.

Heimildaskrá

Árbók 1903: Brynjúlfur Jónsson. 1903. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902.“ Árbók hins íslenska fornleifafélags. Hið íslenzka fornleifafélag, Reykjavík.

Hallmann Sigurðsson. 1966a. „Býli og búendur í Garði 1903-1915.“ Faxi, júníblað bls. 87-91.

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1-11. Kaupmannahöfn, 1913-43.

Magnús Grímsson Magnús Grímsson. 1988. Ferðabók Magnúsar Grímssonar fyrir sumarið 1848. Lýsing Kjósarsýslu og Reykholtsdals. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Túnakort 1919: Túnakort fyrir Rosmhvalaneshrepp frá því um 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Gufuskálar: Örnefnaskrá fyrir Gufuskála. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hrafnkellsstaðir: Örnefnaskrá fyrir Hrafnkelsstaði. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kothús: Örnefnaskrá fyrir Kothús. Ari Gíslason og Sigríður Jóhannsdóttir skráðu. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Meiðastaðir: Örnefnaskrá fyrir Meiðastaði. Ari Gíslason og Sigríður Jóhannsdóttir skráðu. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Varir: Örnefnaskrá fyrir Varir. Ari Gíslason og Sigríður Jóhannsdóttir skráðu. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Hnitaskrá ISN93

Samtala	Austur	Norður
GK-095:019_1	322271	400632
GK-095:019_1	322301	400540
GK-095:019_2	322276	400629
GK-096:008	322247	401018
GK-096:012	322254	400909
GK-096:013	322274	400870
GK-096:014	322247	400957
GK-096:015	322262	400994
GK-096:017	322204	400953
GK-096:020	322199	401005
GK-096:020	322212	401074
GK-096:021	322167	401035
GK-096:022	322167	401011
GK-096:023	322048	400760
GK-096:024	322293	400828
GK-096:025	322218	400795
GK-096:026	322216	400829
GK-096:027	321945	400825
GK-096:028_1	322100	400858
GK-096:028_2	322105	400850
GK-096:029	322079	400688
GK-096:030	322044	400822
GK-096:031	322074	400815
GK-098:015	322332	400492
GK-098:016	322339	400489
GK-098:019	322328	400834
GK-098:020	322275	400738
GK-098:024	322424	400694
GK-098:025	322419	400721
GK-098:026_1	322376	400760
GK-098:026_2	322390	400746
GK-098:026_3	322387	400741
GK-098:027	322351	400681
GK-098:028	322361	400704
GK-098:029	322182	400702
GK-098:030	322355	400590
GK-099:042	322507	400675
GK-099:043	322586	400575
GK-099:044	322605	400595
GK-099:045	322556	400608
GK-099:046	322355	400473
GK-633:021L	322408	400362
GK-633:021O	322320	400480
GK-633:021Q	322394	400381
GK-633:022	322299	400513
GK-633:033	322275	400558
GK-633:034_1	322311	400519
GK-633:034_2	322330	400471

Minjakort


Minjakortin eru unnin ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.


Yfirlitskort - Iðngarðar
096020
096021
096022
096008
096020
096015
096017
096014
096012
Svæði 1
096013
096028_1
096028_2
096027
096030
096031
096026
096024
098019
096025
096023
098026_1
098026_2
098020
098026_3
098025
098028
098029
098024
096029
098027
099042
Skil milli svæða 1 og 2
095019_1
095019_2
099045
099044
098030
099043
633033
095019_1
Svæði 2
633034_1
633022
098015
098016
633021O
633034_2
099046
633021Q
633021L
Skýringar
Fornleifar
Garðlag
Kantur
Leið
Niðurgröftur
Mannvirki
Grjóthlaðið
Steypt
Torf- og grjóthlaðið
Torfhlaðið
Vegur
Þúst
Mörk deiliskipulagsreits
0
75
150
225
300 m



Skýringar

- Fornleifar
- Garðlag
- Kantur
- Leið
- Niðurgröftur
- Mannvirki
- Grjóthlaðið
- Steypt
- Torf- og grjóthlaðið
- Torfhlaðið
- Vegur
- Þúst
- Mörk deiliskipulagsreits


Svæði 2 - Iðngarðar
096025
098026_1
098026_2
098026_3
098020
098025
098029
098028
098024
098027
099042
095019_1
095019_2
099045
099044
098030
099043
633033
095019_1
633034_1
633022
098015
098016
633021O
099046
633034_2
633021Q
633021L
Heiðarhús
0
50
100
150 m
Skýringar
Fornleifar
Garðlag
Kantur
Leið
Niðurgröftur
Mannvirki
Grjóthlaðið
Steypt
Torf- og grjóthlaðið
Torfhlaðið
Vegur
Þúst
Mörk deiliskipulagsreits